



Stjórnarfundur 2 fimmtudaginn 18. júní 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Árni Jón Eggertsson, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Brynja María Ólafsdóttir.

Afboð og mættu ekki: Allir mættu

Dagskrá

- Næsta keppnistímabil
- Landsliðsverkefni
- Að loknum Smáþjóðaleikum
- Fjármál
- Bikarkeppnin
- Önnur mál

Fundargerð

Formaður BLÍ bauð fundarmenn velkomna á fundinn og setti fund.

Gerir breytingu á dagskrá fundarins þar sem Gjaldkeri sambandsins er ekki mættur.

Undanþágubeiðni UMFG (Önnur mál)

Fyrst var tekið fyrir beiðni UMFG um undanþágu til að leika í Úrvalsdeild kvenna á heimavelli sínum í Grundafirði. Gerð hefur verið grein fyrir þeim lagfæringum sem gerðar verða í sumar svo þar verði hægt að leika í úrvalsdeild. Jason og Sævar skoðuðu húsið vel sl. vetur og ef farið verður eftir þeim tilmælum sem BLÍ hefur sent UMFG þá er stjórn BLÍ samþykkt því að veita undanþágu. Jason og Sævar svara UMFG vegna beiðninnar.

Að loknum Smáþjóðaleikum

- ÍSÍ sendi BLÍ bréf þar sem BLÍ var þakkað sérstaklega fyrir samstarfið í kringum keppni í blaki og strandblaki á Smáþjóðaleikunum frá 1.-6. júní. Fram kom í bréfinu að umgjörðin í báðum keppnunum hafi verið stórglæsileg og keppnishaldið okkur öllum til sóma.
- BLÍ hefur ekki fengið nema jákvæð viðbrögð frá erlendum gestum og svo ÍSÍ vegna Smáþjóðaleikanna. Áhorfendafjöldi í blaki og strandblaki var í heildina um 10.000 manns sem er sennilega 1/3 af þeim áhorfendum sem talað er um að hafi mætt á leikana. Því ber að fagna sérstaklega.
- Stjórn BLÍ þakkar Heiðbjörtu Gylfadóttur og Grétari Eggertssyni fyrir þeirra framlag sem greinastjórar en einnig öllum þeim 200 sjálfboðaliðum sem komu til aðstoðar í hin ýmsu verkefni í kringum leikana.
- Stjórn BLÍ ítrekar það að nýta þurfi leikana til uppbyggingar á íþróttinni, bæði blaki og strandblaki
- Rætt var um að innanhúss aðstaðan í strandblaki er orðin engin eftir að Sporthúsið lokaði sinni aðstöðu í Kópavogi. Nokkur umræða var um málið og stjórnin ákvað að skrifa ályktun frá fundinum ásamt strandblaknefnd BLÍ. Jason fer í málið.

Næsta keppnistímabil

- Farið yfir útreikninga gjaldkera vegna þátttökugjalda fyrir næsta keppnistímabil. Nú þegar búið er að ákveða upptöku rafrænnar leikskýrslu er ljóst að nokkur hækkun er á þátttökugjöldum. Lítil hækkun verður á greiðslum til dómara í deildakeppni.
- Þátttökugjöld Íslandsmóts
 - Úrvalsdeild: 235.000 kr.
 - 1. deild: 123.000 kr.
 - 2.-6. deild: 68.000 kr.
 - Austur deildir: 32.500 kr.

- Sigurbjörn Árni Arngrímsson fór yfir fund mótanefndar frá því í síðustu viku. Eins og skráningar líta út núna eru 7 lið í úrvalsdeild kvenna (8. liðið er mögulega inni), 6 lið í úrvalsdeild karla, 8 lið í öllum deildum kvenna nema í 6. deild kvenna sem er ný deild (5 lið).
- Það er vont að hafa 7 lið í úrvalsdeild kvenna því það þýðir tvöföld umferð og aðeins 12 leikir sem er eins og karlarnir lentu í sl. vetur. Ef það verða 7 lið þá mun mótanefnd spyrja forsvarsmenn liða í deildinni um það hvort ekki ætti að setja þriðju umferðina upp með einhverskonar forskrift. Láta skynsemina ráða í þeim efnum m.t.t. ferðakostnaðar.
- Innleiðing DataVolley er ærið verkefni. BLÍ semur við DataProject til þriggja ára. Félögin fá aðgang að rafrænu skýrslunni og tölfraeðihlutunum og ber skylda til að nota það. BLÍ mun hafa aðgang að mótakerfinu og er því stjórnad frá skrifstofunni.
- Þjálfar þarf upp ritara og tölfraeðimenn hjá félögunum og lagt er til að haustmótið verði sérstaklega nýtt í þjálfun og líklega best er að tveir frá hverju félagi komi að þeirri vinnu sem munu svo þjálfar fleiri inni í sínum félögum.
- Næst á dagskrá mótanefndar er að senda niðurröðun í deildir, þátttökugjöld og kalla eftir umsóknum fyrir mótin næsta vetur. Sigurbjörn Árni skrifar bréfið og kallar eftir staðfestingargjaldi fyrir 30. júní 2015. Umsóknum um mótin skal einnig skilað inn fyrir þann tíma.

Landsliðsverkefni

- Nú er nýlokið stórt verkefni, Smáþjóðaleikar. Þjálfarar voru ráðnir til þess dags og eru viðræður í gangi um framhaldið. Ekki komið svar frá þjálfurum.
- Næstu verkefni eru Unglingalandsliðin, U19 í IKAST og U17 í Kettering. Fyrir A liðin er næsta opinbera mót EM Smáþjóða næsta voru en mögulega verða boðsmót á NOVOTEL og jafnvel fleiri æfingamót næsta vetur.
- Kristján Geir bendir á að það vanti skýrari ramma um landsliðsmálin, t.d. eins og samningar við aðstoðarþjálfara og sjúkraþjálfara og teymið sem snýr að landsliðunum. Hann fundaði með Emil og Óla J í vikunni til að fara yfir síðasta verkefni, fá þeirra sýn til að marka skýrari stefnu í landsliðsmálum.
- Stefán ekki alveg sammála þessu því unnið er eftir stefnu. Það verður að horfa á að sambandið er lítið, hefur 1 starfsmann á launum og í raun og veru er hér um að ræða kraftaverk hversu mikið hefur verið gert hérna fyrir landsliðin. BLÍ ber ekki ábyrgð á standi leikmanna þegar þeir koma í verkefni t.d.
- Fyrst af öllu þarf að ganga frá ráðningu Aðalþjálfara og síðan teymið í kringum liðin.
- Stefán er formaður nefndarinnar en hún er enn óskipuð. Reikna með að Munda og Þórey séu klárar áfram en það þurfa fleiri að koma að borðinu. Besta leiðin er að auglýsa eftir fólki.
- Tímalínan ætti að vera skýr, við sjáum t.d. fram í tímann út næsta ár þar sem liðin munu taka þátt í HM karla og kvenna í september 2016.
- Upplýsingar þarf að setja inn á heimasíðu BLÍ um landsliðsstarfið.
- BLÍ þarf að stefna að því að sjá um að halda eina keppni á ári. Rætt um að sækja um að halda lokakeppni EM SCD árið 2017, rétt fyrir eða eftir Smáþjóðaleika í San Marino.

Fjármál

- Hrafnhildur ræddi um að auka tekjurnar hjá sambandinu. Ein leiðin væri að senda úr valgreiðslu í heimabanka og hengja það saman við Landsliðsmál. Byrja á unglingalandsliðunum í niðurgreiðslu ferða landsliðsmanna.
- Þarf að lista upp ferðirnar, setja verðmiðann á og safna upplýsingum um styrki sem krakkarnir geti náð í hjá sínum félögum eða bæjarfélögum.
- Hrafnhildur veltir því fyrir sér hvort eigi að skipta um banka í bankaviðskiptum. Allt í lagi að leita tilboða hjá öðrum banka fyrst okkar banki er ekki að styðja eins vel við bakið á okkur og óskandi væri.

Bikarkeppnin

- Nú þarf að nýta meðbyrinn. Það er eitt fyrirtæki sem hefur óbeint sýnt því áhuga að vera samstarfsaðili hjá BLÍ. Jasoni falið að leita leiða til að hefja samningaviðræður við það

fyrirtæki um að gerast aðalstyrktaraðili Bikarkeppninnar í blaki. Nokkur verðmæti eru í keppninni sem var útlustuð á fundinum.

- Þátttökutilkynningar í bikarkeppnina þarf að kalla eftir í ágúst þar sem um nýtt fyrirkomulag er að ræða. Kynningin á keppninni þarf að vera góð auglýsing til að fá sem flest lið til að taka þátt.

Önnur mál

- Fundartími stjórnar var ákveðinn 1. þriðjudagur í mánuði. Næsti fundur þó ekki fyrr en 11. ágúst (2. þriðjudagur í ágúst). Sævar setur upp í dagbók og sendir út fundarboð á næsta fund daginn eftir fundi.
- Hrafnhildur er komin með aðgang að heimasíðu BLÍ
- Hluthafafundur Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands verður haldinn í hádeginu á morgun 19. júní. Undirbúningsfundur fyrir stofnfund sem verður í september. BLÍ er hluthafi í AMÍ.
- Afreksbúðir BLÍ í ágúst. Fundur Stefáns og Gunnu Stínu á morgun til að klára málið. Þar er einnig stefnt á þjálfararáðstefnu eða búðir. Helgin er 21.-23. ágúst.
- Daniele var með frábæran fund í síðustu viku þar sem hann gagnrýndi t.d. það að við værum of lengi í 4 manna blaki, eða í Krakkablaki. Í dag eru það 14 ára krakkar sem eru í 4 manna blaki en hann vill fá það niður í 12 ára.
- Ritað var undir skjöl til að afturkalla heimild fyrrum gjaldkera og sækja um skoðunarheimild fyrir nýjan gjaldkera BLÍ.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 19:10

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð